

SP-Fjármögnun hf.
Ársreikningur samstæðunnar
2006

SP-Fjármögnun hf.
Sigtúni 42
105 Reykjavík

Kt. 620295-2219

Efnisyfirlit

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra	3	Eiginfjárfirlit	7
Áritun óháðs endurskoðanda	4	Sjóðstreymisyfirlit	8
Rekstrarreikningur	5	Skýringar	9
Efnahagsreikningur	6		

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

SP-Fjármögnun hf. er eignarleigufyrirtæki og starfar eftir lögum um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002. Félagið er dótturfélag Landsbanka Íslands hf. og er ársreikningurinn hluti af samstæðureikningi móðurfélagsins og eru upplýsingar um afkomu og fjárhagsstöðu samstæðunnar þar. Ársreikningur samstæðunnar hefur að geyma ársreikning félagsins og dótturfélags þess, Hafnarbrautar ehf. sem vísað er til í heild sem "samstæðu", auk hlutdeildar í hlutdeildarfélögum. Hann er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) um ársreikninga eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu.

Í nóvember tók félagið þátt í stofnun á Eignarhaldsfélaginu ehf. og á SP-Fjármögnun hf. 49% eignarhlut í félaginu, en félagið var stofnað í tengslum við kaup á 98% hlutafjár í Verði Íslandstryggingu hf.

Hagnaður varð á rekstri samstæðunnar á árinu 2006 að fjárhæð 802,7 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé samstæðunnar í árslok nam 3.268,2 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi eða um 8,5% af niðurstöðutölu efnahagsreiknings. Eiginfjárhlutfall samstæðunnar, sem reiknað er út samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki nam 11,9 % í árslok 2006. Stjórn félagsins leggur til að ekki verði greiddur arður vegna ársins 2006, en vísað er til ársreikningsins að öðru leyti varðandi ráðstöfun hagnaðar og breytingar á bókfærðu eigin fé samstæðunnar.

Hlutfé félagsins nam í árslok 397,6 millj. kr. samkvæmt samþykktum félagsins. Hluthafar félagsins voru 15 í árslok en 16 í ársbyrjun. Í árslok áttu tveir hluthafar 10% eða stærri eignarhluta í félaginu, en þeir eru:

	Eignarhlutur
Landsbanki Íslands hf., Reykjavík	51,0%
Sparisjóður vélstjóra, Reykjavík	31,9%

Stjórn og framkvæmdastjóri SP-Fjármögnunar hf. staðfesta hér með ársreikning samstæðunnar fyrir árið 2006 með undirritun sinni.

Reykjavík, 26. janúar 2007.

Stjórn:

Þorgeir Baldursson

Guðmundur Pétur Davíðsson

Magnús Ægir Magnússon

Ragnar Z. Guðjónsson

Framkvæmdastjóri:

Kjartan Gunnarsson

Áritun óháðs endurskoðanda

Stjórn og hluthafar í SP-Fjármögnun hf.

Inngangur

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning samstæðunnar fyrir árið 2006. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, yfirlit um breytingu á eigin fé, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðsstreymi, upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikning samstæðunnar

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna svika eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og hæfilegu mati miðað við aðstæður.

Ábyrgð endurskoðanda

Endurskoðunin felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er vegna svika eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningur samstæðunnar gefi glögga mynd af afkomu samstæðunnar á árinu 2006, efnahag þess 31. desember 2006 og breytingu á handbæru fé á árinu 2006, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu.

Reykjavík, 26. janúar 2007.

KPMG hf.

Jón S. Helgason

Rekstrarreikningur fyrir árið 2006

	Skýr.	2006	2005
Vaxtatekjur		2.873.099	1.589.953
Vaxtagjöld		(1.507.652)	(682.747)
Hreinar vaxtatekjur	17	1.365.447	907.206
Þjónustutekjur		178.926	120.918
Þjónustugjöld		(31.360)	(18.273)
Hreinar þjónustutekjur		147.566	102.645
Hreinn gjaldeyrismunur		45.539	66.337
Aðrar rekstrartekjur		47.074	5.293
Hlutdeild í tapi hlutdeildarfélags		(24.500)	0
Rekstrarkostnaður	18-22	(489.217)	(391.848)
Virðisrýrnun	30	(84.310)	(101.748)
Hagnaður fyrir tekjuskatt		1.007.599	587.885
Tekjuskattur	23	(204.857)	(108.171)
Hagnaður ársins		802.742	479.714
Hagnaður á hlut:			
Grunnhagnaður á hverja krónu hlutafjár	24	2,02	1,21
Þynntur hagnaður á hverja krónu hlutafjár	24	2,02	1,21

Skýringar 1- 48 eru óaðskiljanlegur hluti af ársreikningnum.

Efnahagsreikningur 31. desember 2006

	Skýr.	2006	2005
Eignir			
Handbært fé	25	375.117	244.863
Útlán og kröfur	26-30	37.118.315	21.822.288
Fjárfesting í hlutdeildarfélagi	31	601.131	0
Rekstrarfjármunir	32	233.898	236.557
Óefnislegar eignir	33	63.144	50.039
Fullnustueignir	34	5.199	5.293
Aðrar eignir		120.414	64.637
Eignir samtals		38.517.218	22.423.677
 Skuldir			
Lántaka	35,36	33.456.916	18.603.695
Víkjandi lán	37	1.226.828	1.010.587
Skattskuld	38,39	438.079	247.817
Aðrar skuldir		127.208	96.133
Skuldir samtals		35.249.031	19.958.232
 Eigið fé			
	40-42		
Hlutfé		397.562	397.562
Yfirverðsreikningur hlutafjár		116.561	116.561
Lögbundinn varasjóður		5.482	5.482
Óráðstafað eigið fé		2.748.582	1.945.840
Eigið fé samtals		3.268.187	2.465.445
Skuldir og eigið fé samtals		38.517.218	22.423.677

Skýringar 1- 48 eru óaðskiljanlegur hluti af ársreikningnum.

Eiginfjárfirlit fyrir árið 2006

	Hlutfé	Yfirverðsreikn. hlutfjár	Lögbundinn varasjóður	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Árið 2005					
Eigið fé 1.1. 2005.....	397.562	116.561	5.482	1.466.126	1.985.731
Hagnaður ársins.....				479.714	479.714
Eigið fé 31.12.2005.....	<u>397.562</u>	<u>116.561</u>	<u>5.482</u>	<u>1.945.840</u>	<u>2.465.445</u>
Árið 2006					
Eigið fé 1.1. 2006.....	397.562	116.561	5.482	1.945.840	2.465.445
Hagnaður ársins.....				802.742	802.742
Eigið fé 31.12.2006.....	<u>397.562</u>	<u>116.561</u>	<u>5.482</u>	<u>2.748.582</u>	<u>3.268.187</u>

Skýringar 1- 48 eru óaðskiljanlegur hluti af ársreikningnum.

Sjóðstreymisýfirlit fyrir árið 2006

	Skýr.	2006	2005
Rekstrarhreyfingar:			
Hagnaður fyrir tekjuskatt		1.007.599	587.885
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Hlutdeild í tapi hlutdeildarfélags	31	24.500	0
Afskriftir rekstrarfjármuna		43.339	48.012
Virðisrýrnun	30	84.310	101.748
Aðrir liðir	(49.442)	(64.266)
Breytingar á útlánum og öðrum kröfum	(11.249.123)	(8.462.813)
Breytingar á öðrum rekstrartengdum eignum og skuldum		16.476	29.416
Handbært fé til rekstrar	(10.122.341)	(7.760.018)
Fjárfestingarhreyfingar:			
Fjárfesting í hlutdeildarfélagi	31	(625.631)	0
Keyptir rekstrarfjármunir og óefnislegar eignir	32,33	(55.514)	(42.572)
Seldir rekstrarfjármunir		1.542	852
Aðrar eignir, breyting	(55.777)	60.090
Fjárfestingarhreyfingar	(735.380)	18.370
Fjármögnunarhreyfingar:			
Lántaka, breyting		10.771.734	6.772.485
Víkjandi lán, breyting		216.241	1.010.217
Fjármögnunarhreyfingar		10.987.975	7.782.702
Hækkun á handbæru fé		130.254	41.054
Handbært fé í ársbyrjun		244.863	203.809
Handbært fé í árslok	7	375.117	244.863
Aðrar upplýsingar:			
Innborgaðar vaxtatekjur		2.474.418	1.521.830
Greidd vaxtagjöld	(821.829)	(406.433)
Greiddir skattar	(14.595)	(29.530)

Skýringar 1- 48 eru óaðskiljanlegur hluti af ársreikningnum.

Skýringar

Almennar upplýsingar

1. *Upplýsingar um félagið*

SP-Fjármögnun hf. ("félagið") er með lögheimili að Sigtúni 42 í Reykjavík. Félagið er dótturfélag Landsbanka Íslands hf. og er ársreikningurinn hluti af samstæðureikningi móðurfélagsins og eru upplýsingar um afkomu og fjárhagsstöðu samstæðunnar þar. Ársreikningur samstæðunnar hefur að geyma ársreikning félagsins og dótturfélags þess, Hafnarbrautar ehf. sem vísað er til í heild sem "samstæðu", auk hlutdeildar í hlutdeildarfélögum.

2. *Grundvöllur reikningsskilanna*

a. *Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sé fylgt*

Ársreikningur samstæðunnar er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu. Stjórn félagsins hefur samþykkt ársreikning samstæðunnar 26. janúar 2007.

b. *Grundvöllur matsaðferða*

Ársreikningur samstæðunnar byggir á upphaflegu kostnaðarverði, að því undanskildu að afleiðusamningar eru færðir á gangvirði.

c. *Starfrækslu- og framsetningargjaldmiðill*

Ársreikningur samstæðunnar er birtur í íslenskum krónum, sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins.

d. *Mat og ákvarðanir*

Gerð reikningsskila krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og dragi ályktanir sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna og skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

Mat og ályktanir því til grundvallar er í stöðugri endurskoðun. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem breytingarnar eiga sér stað og þeim framtíðartímabilum sem áhrif breytinganna vara.

Félagið framkvæmir mat og beitir ályktunum sem hafa áhrif á fjárhæðir eigna og skuldbindinga. Þetta mat og ályktanir eru stöðugt endurmetnar og byggja á reynslu og öðrum staðreyndum, þar með talið væntingum til atburða í framtíðinni, sem taldar eru raunhæfar við núverandi kringumstæður.

Félagið endurskoðar útlánasafn sitt til að meta virðisrýrnun að minnsta kosti á sex mánaða fresti. Áður en ákvörðun er tekin um færslu virðisrýrnunar þarf félagið að meta hvort gögn gefi til kynna mælanlega lækun á væntanlegu framtíðar sjóðstreymi ýmist frá einstökum lánnum eða frá safni lána áður en lækkunin verður merkjanleg hjá einstöku láni í safninu. Aðferðafræðin og ályktanirnar sem notaðar eru við að meta bæði upphæðir og tímasetningar á framtíðar sjóðstreymi eru endurskoðaðar reglulega með það að markmiði að minnka muninn milli áætlaðs taps og raunverulegs taps.

Gangvirði fjármálagerna er ákvarðað með notkun matsaðferða.

Helstu reikningsskilaaðferðir

Reikningsskilaaðferðum sem er lýst hér á eftir hefur verið beitt með samræmdum hætti fyrir öll tímabilin sem fram koma.

3. *Grundvöllur samstæðu*

a. *Dótturfélög*

Dótturfélög eru þau félög þar sem félagið fer með yfirráð. Yfirráð eru til staðar þegar félagið hefur veruleg áhrif, bein eða óbein, til að stjórna fjárhags- og rekstrarstefnu tiltekins félags í þeim tilgangi að hagnast á starfsemi þess. Við mat á yfirráðum er tekið tillit til hugsanlegs atkvæðisréttar sem er nýtanlegur eða breytanlegur. Reikningsskil dótturfélaga eru innifalin í samstæðureikningi félagsins frá því að yfirráð nást og þar til þeim lýkur.

b. *Hlutdeildarfélög*

Hlutdeildarfélög eru þau félög þar sem félagið hefur veruleg áhrif á fjárhags- og rekstrarstefnu þeirra, en ekki yfirráð. Ársreikningurinn inniheldur hlutdeild samstæðunnar í afkomu hlutdeildarfélaga í samræmi við hlutdeildaraðferð, frá því áhrifin nást og þar til þeim lýkur. Verði hlutdeild samstæðunnar í tapi hlutdeildarfélags meiri en bókfært verð í hlutdeildarfélagi er bókfærða verðið fært í núll og færslu frekara taps er hætt nema að því marki sem samstæðan hefur stofnað til skuldbindinga vegna hlutdeildarfélags eða fjármagnað það.

c. *Viðskipti felld út úr samstæðu*

Staða milli samstæðufélaga eru felld út við gerð ársreiknings samstæðunnar. Engin starfsemi var í dótturfélaginu, Hafnarbraut ehf., á árinu.

4. *Erlendir gjaldmiðlar*

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gengi viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í árslok. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

5. *Tekjur og gjöld*

a. *Hreinar vaxtatekjur*

Vaxtatekjur og vaxtagjöld eru færð í rekstrarreikningi þegar þau falla til, miðað við virka vexti. Meðal vaxtatekna og vaxtagjalda er dreifing á afföllum og annar mismunur á upphaflegu bókfærðu verði vaxtaberandi gerninga og fjárhæð þeirra á gjalddaga, sem eru reiknuð miðað við virka vexti.

Virkir vextir er sú ávöxtunarkrafa sem núvirðir áætlað sjóðstreymi eða tekjur yfir áætlaðan líftíma fjármálagernings eða styttra tímabil, eftir því sem við á, þannig að það jafngildi bókfærðri fjárhæð fjáreignarinnar eða fjárskuldarinnar í efnahagsreikningi. Þegar hlutfall virkra vaxta er reiknað áætlað félagið sjóðstreymi með tilliti til allra samningsþátta fjármálagerningsins en tekur ekki tillit til útlánataps í framtíðinni. Útreikningurinn tekur til allra gjalda og greiðslna milli aðila að samningnum, sem eru hluti af hlutfalli virkra vaxta og viðskiptakostnaði, yfirverði og afföllum.

Ef fjáreign eða flokkur sambærilegra fjáreigna hefur orðið fyrir virðisrýrnun eru vaxtatekjur færðar miðað við sömu ávöxtunarkröfu og notuð var til að núvirða virðisrýrnunina. Vaxtatekjur af fjáreignum sem færðar hafa verið niður vegna virðisrýrnunar eru reiknaðar af endurheimtanlegri fjárhæð fjáreigna.

b. *Hreinar þjónustutekjur*

Félagið veitir ýmsa þjónustu til viðskiptavina sinna sem það fær greitt fyrir svo sem þjónustutekjur vegna eignarleigusamninga. Þjónustutekjur og þóknanir eru færðar til tekna þegar þjónusta hefur verið veitt.

c. *Tekjuskattur*

Tekjuskattur félagsins er frestaður tekjuskattur. Félagið mun ekki greiða tekjuskatt á árinu 2007 vegna rekstrarársins 2006 vegna skattalegs taps.

Skýringar, frh.:

c. *Tekjuskattur, frh.:*

Tekjuskattsskuldbinding er reiknuð og færð í ársreikninginn. Útreikningurinn byggist á mismun efnahagsliða samkvæmt skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi hins vegar að teknu tilliti til yfirfæranlegs skattalegs taps. Mismunur efnahagsliða sem þannig kemur fram, stafar af því að álagning tekjuskatts er miðuð við aðrar forsendur en reikningsskil samstæðunnar og er þar í meginatriðum um að ræða tímabundin mismun á færslu tekna og gjalda í skattuppgjöri annar vegar og ársreikningi hins vegar.

6. *Virðisrýmun*

Bókfært verð eigna félagsins er yfirfarið á hverjum uppgjörstegi til að meta hvort vísbending sé um virðisrýmun. Ef eitthvað bendir til þess er endurheimtanleg fjárhæð eignarinnar áætluð, sjá nánar síðar í ársreikningnum.

Virðisrýmun er færð þegar bókfært verð eignar er umfram endurheimtanlega fjárhæð hennar. Virðisrýmun er gjaldfærð í rekstrarreikning.

a. *Útlán og kröfur*

Félagið endurskoðar útlánasafn sitt til að meta virðisrýmun þess á sex mánaða fresti hið minnsta. Félagið metur annars vegar einstök lán og hins vegar lánasafn og færir virðisrýmun ef áreiðanlegar vísbendingar eru um virðisrýmun á láni eða lánasafni.

Ef skoðun einstakra útlána bendir til rýrnunar á væntanlegu sjóðstreymi þeirra, er lánið fært til samræmis við áætlað núvirði framtíðarsjóðstreymis. Vísbendingar um virðisrýmun geta verið umtalsverðir fjárhagsörðugleikar lántakenda eða vanskil á afborgunum. Við ákvörðun virðisrýrnunar er áhættan metin, upphæð og tímasetning væntanlegra inngreiðslna áætluð og söluverðmæti tryggingar metið.

Útlán og kröfur sem ekki eru færðar niður sérstaklega verða hluti af safni sem metið er með tilliti til mögulegrar virðisrýrnunar. Mat á útlánasafni byggir á því að útlánið búi yfir svipuðum áhættueinkennum. Merki um virðisrýmun í safni útlána eru til staðar ef áreiðanleg gögn benda til lækkunar á væntu framtíðarsjóðstreymi útlánasafns og hægt er að mæla lækkunina með áreiðanlegum hætti.

Lán eru færð sem endanlega töpuð, ýmist að hluta eða fullu, þegar engar raunhæfar líkur eru á endurheimtu þeirra fjárhæða sem færðar eru út.

b. *Fullnustueignir*

Fastafjármunir sem fengnir eru til fullnustu krafna eru færðir á gangvirði að frádregnum kostnaði við sölu eða bókfærðri stöðu lánsins að frádreginni virðisrýmun, hvort sem lægra reynist. Allar síðari færslur á fenginni eign niður í gangvirði að frádregnum sölukostnaði eru færðar sem virðisrýmun í rekstrarreikningi. Allar síðari hækkningar á gangvirði að frádregnum áætluðum sölukostnaði, að því marki sem það fer ekki yfir áður færða virðisrýmun, eru færðar í rekstrarreikning.

c. *Hlutdeildarfélög*

Fjárfesting í hlutdeildarfélögum er metin með tilliti til virðisrýrnunar ef vísbendingar eru um að endurheimtanleg fjárhæð fjárfestinga sé lægri en bókfært verð.

d. *Útreikningur á endurheimtanlegri fjárhæð*

Endurheimtanleg fjárhæð fjáreigna sem bókfærðar eru á afskrifuðu kostnaðarverði er reiknuð sem núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis afvaxtað með upphaflegum virkum vöxtum. Skammtímakröfur eru ekki afvaxtaðar.

Endurheimtanleg fjárhæð annarra eigna er áætlað hreint söluverð þeirra eða nýtingarvirði, hvort sem hærra reynist. Nýtingarvirði er metið út frá væntu framtíðarfjárfláði sem er núvirt með vöxtum sem endurspeglar markaðsvexti og þá áhættu sem fylgir einstökum eignum.

Skýringar, frh.:

e. *Bakfærsla virðisrýrnunar*

Virðisrýrnun af fjáreignum sem eru færðar á afskrifuðu kostnaðarverði er bakfærð ef hægt er að tengja hækkun á endurheimtanlegri fjárhæð á við atburð sem átti sér stað eftir að virðisrýrnunin var færð.

Að því er varðar aðrar eignir er virðisrýrnun bakfærð ef breyting hefur átt sér stað á mati sem notað var við útreikning endurheimtanlegrar fjárhæðar.

Virðisrýrnun er einungis bakfærð að því marki sem nemur áður færðri virðisrýrnun að teknu tilliti til afskrifta.

7. *Handbært fé*

Til handbærs fjár í sjóðstreymi teljast gjaldkræfar kröfur á lánastofnanir.

8. *Útlán og kröfur*

Útlán og kröfur eru fjármálagerningar, aðrir en afleiðusamningar, sem bera fastar og útreiknaðar greiðslur og eru ekki skráðir á virkum markaði. Útlán og kröfur fela í sér eignarleigusamninga við viðskiptavinum um fasteignir, bifreiðar, vélar og tæki og útlán í formi skuldabréfa.

Útlán og kröfur eru færð þegar þau eru veitt lántakendum. Útlán eru upphaflega færð á gangvirði, sem er lánsfjárhæðin auk alls kostnaðar vegna viðskiptanna. Útlánin eru síðan metin á afskrifuðu kostnaðarverði, sem er fundið með útreikningi samkvæmt aðferð um virka vexti. Útlán eru færð til eignar með áföllnum vöxtum, verðbótum og gengismun í árslok. Verðtryggð útlán eru færð miðað við vísitölur sem tóku gildi í byrjun janúar 2007 og gengistryggð lán eru færð miðað við gengi viðkomandi gjaldmiðla í árslok.

Útlán og kröfur eru afskráðar þegar rétturinn til að fá fjársteymi af þeim er ekki lengur til staðar eða þegar samstæðan hefur flutt að verulegu leiti áhættu og ávinning af eignarhaldinu.

9. *Afleiður*

Afleiður eru fjármálagerningar eða aðrir samningar sem falla undir gildissvið IAS 39, þar sem virði þeirra tekur mið af breytingum á gengi undirliggjandi þátta (eins og verði á hlutabréfum, vörum eða skuldabréfum, vísitölum, gjaldmiðlum eða vaxtastigi).

Félagið notar afleiðusamninga til að takmarka gengisáhættu sem verður til vegna starfsemi félagsins.

Afleiðusamningar eru færðir á gangvirði. Hagnaður eða tap vegna breytinga á gangvirði er fært í rekstrarreikning. Afleiðusamningar með jákvæða stöðu eru færðir meðal eigna og afleiðusamningar með neikvæða stöðu eru færðir meðal skulda.

Félagið beitir ekki áhættuvarnarreikningsskilum.

10. *Rekstrarfjármunir*

Rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum og virðisrýrnun.

Kostnaður sem fellur til vegna endurnýjunar á hluta rekstrarfjármuna er eignfærður sem rekstrarfjármunur þegar sá kostnaður fellur til, ef líklegt er að framtíðarhagnaður sem felst í eigninni muni renna til félagsins og hægt er að meta kostnaðinn á áreiðanlegan hátt. Allur annar kostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar til hans er stofnað.

Afskriftir eru reiknaðar og færðar í rekstrarreikning línulega miðað við áætlaðan nýtingartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

	Nýtingartími	Hrakvirði
Fasteignir	25-50 ár	10%
Húsbúnaður, áhöld og bifreiðar	3-7 ár	0-55%

Hrakvirði er endurmetið árslega ef það er ekki óverulegt.

Skýringar, frh.:

11. *Óefnislegar eignir*

Hugbúnaður er færður á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisýrnum. Afskriftir eru gjaldfærðar línulega í reksrarreikningi miðað við áætlaðan nýtingartíma. Áætlaður nýtingartími hugbúnaðar er þrjú ár.

12. *Fullnustueignir*

Félagið hefur leyst til sín eignir vegna fullnustu krafna. Eignir til sölu eru færðar á áætluðu gangverði eða kostnaðarverði, hvort sem lægra reynist.

13. *Lántaka og víkjandi lán*

Lántökur og víkjandi lán eru upphaflega færð á gangvirði að frádregnum tilheyrandi kostnaði vegna þeirra. Eftir upphaflega færslu eru vaxtaberandi lán færð upp miðað við virka vexti.

Lántökur og víkjandi lán eru skráð þegar samstæðan verður hluti af samningsbundum skuldagerningi. Fjárskuld er afskráð þegar skuldbinding samstæðunnar er gerð upp með greiðslu, skuldaraðili fellur frá kröfunni eða skuldin er felld úr gildi.

14. *Aðrar eignir og skuldir*

Aðrar eignir og aðrar skuldir eru færðar á kostnaðarverði.

15. *Hagnaður á hlut*

Í ársreikningnum er sýndur grunnhagnaður á hlut og þynntur hagnaður á hlut fyrir hluti í félaginu. Grunnhagnaður á hlut er miðaður við hlutfall hagnaðar, sem ráðstafað er til hluthafa í móðurfélaginu, og vegins meðaltals hluta á árinu og sýnir hver hagnaðurinn er á hverja krónu hlutafjár. Þynntur hagnaður á hlut er sami og grunnhagnaður á hlut þar sem leiðrétting vegna mögulegrar þynningar s.s. vegna kaupréttarsamninga, breytanlegra skuldabréfa, valréttarsamninga og svo framvegis eiga ekki við hjá félaginu.

16. *Nýir reikningsskilastaðlar sem hafa ekki verið innleiddir og túlkanir á þeim*

Eftirfarandi eru nýir staðlar, breytingar á stöðlunum og túlkanir á þeim sem hafa ekki enn tekið gildi og hafa þar af leiðandi ekki áhrif á gerð þessa samstæðureiknings.

IFRS 7 Fjármálagerningar: Skýringar og breytingar á IAS 1 Framsetning reikningsskila: Eiginfjárskýringar: krafist er ítarlegri upplýsinga um mikilvægi fjármálagerna fyrir rekstrarniðurstöðu og fjárhagsstöðu félags og tölulegra skýringa á eðli og umfangi áhættu. IFRS 7 og breytingar á IAS 1 taka gildi frá og með 1. janúar 2007, krafist verður ítarlegri skýringa varðandi fjármálagerning og eigið fé í reikningsskilum samstæðunnar fyrir árið 2007.

IFRS 8 Starfsþættir segir til um hvernig félag skuli gera grein í reikningsskilum sínum fyrir upplýsingum er varða starfsþætti þess, vörur og þjónustu sem það selur, landfræðileg svæði þar sem það starfar og helstu viðskiptavinir þess. IFRS 8 gildir fyrir reikningsskilatímabil sem hefjast frá og með 1. janúar 2009 og mun ekki hafa áhrif á reikningsskil samstæðunnar

IFRIC 7 Beiting endurmatsaðferðar samkvæmt IAS 29 Reikningsskil í hagkerfum þar sem óðaverðbólga ríkir tekur til beitingar IAS 29 þegar óðaverðbólga ríkir í hagkerfi í fyrsta sinn, einkum hvað varðar færslu á frestuðum tekjuskatti. IFRIC 7 tekur gildi frá og með 1. janúar 2007 en mun ekki hafa áhrif á reikningsskil samstæðunnar.

Skýringar, frh.:

16. Nýir reikningsskilastaðlar sem hafa ekki verið innleiddir og túlkanir á þeim, frh.:

IFRIC 8 *Gildissvið IFRS Eignarhlutatengdar greiðslur* tekur til reikningsskilaaðferða eignarhlutatengdra greiðslna þegar ekki er unnt að sérgreina endurgjald fyrir sumar eða allar þær vörur eða þjónustu sem um er að ræða. IFRIC 8 tekur gildi frá og með 1. janúar 2007 en mun ekki hafa áhrif á reikningsskil samstæðunnar.

IFRIC 9 *Endurmat innbyggðra afleiða* krefst þess að endurmat á því hvort innbyggð afleiða skuli vera aðskilin frá undirliggjandi samningi skuli aðeins framkvæmt þegar breytingar eru gerðar á samningnum. IFRIC tekur gildi frá og með 1. janúar 2007 og mun ekki hafa áhrif á reikningsskil samstæðunnar.

IFRIC 10 *Árshlutareikningar og virðisrýrnun* bannar bakfærslu virðisrýrnunar sem var færð á fyrra tímabili hvað varðar viðskiptavild, fjárfestingu í eiginfjárgerningum eða fjáreign sem færð er við kostnaðarverði. IFRIC tekur gildi frá og með 1. janúar 2007 en mun ekki hafa áhrif á reikningsskil samstæðunnar.

IFRIC 11 *IFRS 2 – Samstæða og viðskipti með eigin hlutabréf* segir til um hvernig skuli færa tiltekna tegundir af samningum um hlutabréfatengdar greiðslur í reikningsskilum félags og dótturfélaga þess. IFRIC 11 gildir fyrir reikningsskilatímabil sem hefjast frá og með 1. mars 2007 og mun ekki hafa áhrif á reikningsskil samstæðunnar.

IFRIC 12 – *Þjónustusamningar einkafyrirtækja við hið opinbera* gildir fyrir reikningsskilatímabil sem hefjast frá og með 1. janúar 2008 og mun ekki hafa áhrif á reikningsskil samstæðunnar.

Hreinar vaxtatekjur

17. Vaxtatekjur og vaxtagjöld sundurliðast þannig:	2006	2005
Vaxtatekjur af útlánnum	2.834.887	1.572.586
Vaxtatekjur af kröfum á lánastofnanir	38.212	17.367
Vaxtatekjur samtals	<u>2.873.099</u>	<u>1.589.953</u>
Vaxtagjöld af lánnum frá lánastofnunum	(1.376.573)	(456.166)
Vaxtagjöld af verðbréfaútgáfu	(98.398)	(222.782)
Vaxtagjöld af víkjandi lánnum	(32.681)	(3.799)
Vaxtagjöld samtals	<u>(1.507.652)</u>	<u>(682.747)</u>
Hreinar vaxtatekjur samtals	<u>1.365.447</u>	<u>907.206</u>

Rekstrarkostnaður

18. Rekstrarkostnaður greinist þannig:		
Laun og launatengd gjöld	263.795	189.931
Annar almennur rekstrarkostnaður	182.083	153.905
Afskriftir rekstrarfjármuna	43.339	48.012
Rekstrarkostnaður samtals	<u>489.217</u>	<u>391.848</u>

19. Laun og launatengd gjöld greinast þannig:		
Laun	216.820	154.618
Lífeyrisgreiðslur	29.661	18.933
Launatengd gjöld	17.314	16.380
Laun og launatengd gjöld samtals	<u>263.795</u>	<u>189.931</u>

Skýringar, frh.:

20.	Starfsmannafjöldi á árinu var sem hér segir:	2006	2005
	Meðalfjöldi starfsmanna á árinu	29	23
	Stöðugildi í árslok	31	24
21.	Laun og þóknanir til stjórnar og framkvæmdastjóra greinast þannig:		
	Stjórnarformaður	1.800	1.760
	Fjórir aðrir stjórnarmenn	3.600	3.580
	Framkvæmdastjóri	32.644	22.650
	Laun og þóknanir til stjórnar og framkvæmdastjóra samtals	38.044	27.990
22.	Aðkeypt þjónusta frá endurskoðendum samstæðunnar greinist þannig:		
	Endurskoðun ársreiknings	1.962	1.671
	Könnun árhlutareikninga	1.771	943
	Önnur þjónusta	4.158	4.257
	Aðkeypt þjónusta frá endurskoðendum samtals	7.891	6.871

Gjaldfærður tekjuskattur

23.	Tekjuskattur í rekstrarreikningi greinist þannig:				
	Frestaðir skattar:				
	Uppruni og bakfærsla tímabundinna mismuna		204.857		108.171
	Tekjuskattur í rekstrarreikningi		204.857		108.171
	Afstemming virks skatthlutfalls:	2006		2005	
	Hagnaður fyrir tekjuskatt		1.007.599		587.885
	Tekjuskattur skv. gildandi skatthlutfalli	18,0%	181.368	18,0%	105.819
	Áhrif hlutdeildarfélagaga	0,4%	4.410	0,0%	0
	Annað	1,9%	19.079	0,4%	2.352
	Tekjuskattur í rekstrarreikningi	20,3%	204.857	18,4%	108.171

Hagnaður á hlut

24. Grunnhagnaður á hlut er miðaður við hagnað og vegið meðaltal hlutafjár á árinu og sýnir hver hagnaðurinn er á hverja krónu hlutafjár. Þynntur hagnaður á hlut er hinn sami og grunnhagnaður á hlut, þar sem ekki er um ræða útgefna kauprétti til starfsmanna eða lán sem eru breytanleg í hlutafé.

	2006	2005
Hagnaður	802.742	479.714
Vegið meðaltal fjölda hluta á árinu	397.562	397.562
Grunnhagnaðarhlutur og þynntur hagnaðarhlutur	2,02	1,21

Skýringar, frh.:

Handbært fé	2006	2005
25. Handbært fé sundurliðast þannig:		
Kröfur á móðurfélag	257.245	76.522
Kröfur á aðrar lánastofnanir	117.872	168.341
Handbært fé samtals	<u>375.117</u>	<u>244.863</u>

Útlán og kröfur

26. Útlán og kröfur sundurliðast þannig eftir útlánsformum:				
	Virkir meðal-		Virkir meðal-	
	vextir	2006	vextir	2005
Leigusamningar	6,2%	27.948.694	5,8%	13.727.180
Skuldabréf og önnur útlán	6,4%	9.169.621	6,2%	8.095.108
Útlán og leigusamningar samtals		<u>37.118.315</u>		<u>21.822.288</u>

27. Útlán og kröfur flokkast þannig eftir tegundum eigna:		2006	2005
Bifreiðar		27.176.358	15.081.383
Tölvu-, rafeinda- og skrifstofubúnaður		715.468	820.518
Vinnuvélar		4.521.851	2.729.968
Verksmiðju- og iðnaðarvélar		3.462.129	1.355.164
Atvinnuhúsnæði		115.036	370.979
Aðrar eignir		1.127.473	1.464.276
Útlán og kröfur samtals		<u>37.118.315</u>	<u>21.822.288</u>

28. Útlán og kröfur greinast þannig eftir lántakendum:			
Einstaklingar	61,5%	51,6%	
Ríkissjóður og ríkisstofnanir	1,2%	1,5%	
Fyrirtæki:			
Landbúnaður	1,1%	1,2%	
Fiskveiðar	1,5%	0,4%	
Iðnaður	6,3%	7,6%	
Byggingastarfsemi og mannvirkjagerð	7,4%	8,4%	
Verslun	5,7%	6,6%	
Samgöngur og flutningar	3,3%	5,0%	
Fjármálastofnanir	0,4%	0,4%	
Þjónusta	9,6%	16,1%	
Annað	2,0%	1,2%	
Útlán og kröfur samtals	<u>100,0%</u>	<u>100,0%</u>	

Skýringar, frh.:

29. Útlán og kröfur sundurliðast þannig samkvæmt eftirstöðvatíma:	2006	2005
Gjaldkræfar kröfur	313.693	230.772
Allt að 3 mánuðir	2.841.277	1.717.034
Yfir 3 mánuði og allt að ári	8.306.378	5.354.737
Yfir 1 ár og allt að 5 árum	22.878.829	12.434.852
Yfir 5 ár	2.778.138	2.084.893
Útlán og kröfur samtals	<u>37.118.315</u>	<u>21.822.288</u>
30. Virðisrýrnun útlána og krafna greinist þannig:		
Virðisrýrnun útlána og krafna í ársbyrjun	634.304	595.802
Virðisrýrnun útlána á árinu	84.310	101.748
Endanlega töpuð útlán	(31.898)	(67.912)
Innkomið áður afskrifað	3.084	4.666
Virðisrýrnun útlána og krafna í árslok	<u>689.800</u>	<u>634.304</u>
Virðisrýrnun útlána og krafna í hlutfalli af heildarútlánunum og kröfum	1,8%	2,8%

Hlutdeildarfélög

31. Í lok nóvember 2006 eignaðist félagið 49% hlut í Eignarhaldsfélaginu ehf., eignarhaldsfélagi um eignarhluti í Verði Íslandstryggingu hf. Endurskoðuðu ársuppgjöri Eignarhaldsfélagsins ehf. var ekki lokið við gerð ársreiknings SP-Fjármögnunar hf. og er hlutdeild í tapi desember mánaðar byggð á áætluðum reikningsskilum í árslok 2006. SP-Fjármögnun hf. átti í árslok 2006 einnig 40% eignarhlut í Skeifuhúsum ehf en rekstur þess félags er óverulegur. Samanlögð hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélaga var neikvæð um 24,5 millj. kr. Áætlaðar samanlagðir eignir þeirra í árslok námu um 2.700 millj. kr., og áætlaðar samanlagðar skuldir námu um 2.860 millj. kr.

Rekstrarfjármunir

32. Bókfært verð rekstrarfjármuna greinist þannig:

Heildarverð	Húsbúnaður, áhöld og bifreiðar		Samtals
	Fasteignir		
Heildarverð 1.1.2005	238.257	31.385	269.642
Viðbætur á árinu 2005	0	6.647	6.647
Selt á árinu 2005	0	(1.470)	(1.470)
Heildarverð 31.12.2005	<u>238.257</u>	<u>36.562</u>	<u>274.819</u>
Viðbætur á árinu 2006	0	8.121	8.121
Selt á árinu 2006	0	(2.165)	(2.165)
Heildarverð 31.12.2006	<u>238.257</u>	<u>42.518</u>	<u>280.775</u>

Skýringar, frh.:

32. Rekstrarfjármunir, frh.:

Afskriftir	Fasteignir	Húsbúnaður, áhöld og bifreiðar		Samtals
Afskrifað samtals 1.1.2005	14.572	15.323		29.895
Afskriftir ársins 2005	4.204	4.439		8.643
Selt á árinu 2005	0	(276)	(276)	
Afskrifað samtals 31.12.2005	18.776	19.486		38.262
Afskriftir ársins 2006	4.204	4.846		9.050
Selt á árinu 2006	0	(435)	(435)	
Afskrifað samtals 31.12.2006	22.980	23.897		46.877
Bókfært verð				
1.1.2005	223.685	16.062		239.747
31.12.2005	219.481	17.076		236.557
31.12.2006	215.277	18.621		233.898
Afskriftahlutföll	2-4%	15-33%		

Óefnislegar eignir

33. Bókfært verð óefnislegra eigna greinist þannig:

Heildarverð	Hugbúnaður
Heildarverð 1.1.2005	127.273
Viðbætur á árinu 2005	35.925
Heildarverð 31.12.2005	163.198
Viðbætur á árinu 2006	47.393
Heildarverð 31.12.2006	210.591
Afskriftir	
Afskrifað samtals 1.1.2005	73.790
Afskrift ársins 2005	39.369
Afskrifað 31.12.2005	113.159
Afskrift ársins 2006	34.288
Afskrifað samtals 31.12.2006	147.447
Bókfært verð	
1.1.2005	53.483
31.12.2005	50.039
31.12.2006	63.144
Afskriftahlutfall	33%

Skýringar, frh.:

Fullnustueignir

34. Fullnustueignir sundurliðast þannig:	2006	2005
Bifreiðar	5.199	5.293
Fullnustueignir samtals	5.199	5.293

Lántaka

	Virkir meðal-	2006	Virkir meðal-	2005
	vextir		vextir	
35. Lántaka félagsins skiptist þannig:				
Verðbréfaútgáfa	7,6%	383.809	7,7%	1.459.885
Lán frá móðurfélagi	4,1%	33.073.107	2,9%	16.292.736
Lán frá öðrum lánastofnunum		0	2,9%	851.074
Lántaka samtals		33.456.916		18.603.695

36. Lántaka félagsins sundurliðast þannig samkvæmt eftirstöðvatíma:	2006	2005
Gjaldkræft innan 3ja mánaða	1.907.901	947.354
Gjaldkræft eftir 3 mánuði en innan árs	3.923.020	4.253.056
Gjaldkræft eftir 1 ár en innan 5 ára	27.625.995	13.403.285
Lántaka samtals	33.456.916	18.603.695

Víkjandi lán

37. Víkjandi lán eru tekin hjá móðurfélagi félagsins. Þau eru í erlendri mynt með breytilegum sex mánaða LIBOR-vöxtum (London Inter Bank Offered Rate) auk vaxtaálags. Lánin eru á gjalddaga 2015. Samkvæmt reglum um eiginfjárlutfall lánastofnana teljast lánin að fullu til eiginfjár.

Skattskuld

38. Skattskuld sundurliðast þannig:	2006	2005
Tekjuskattsskuldbinding í árslok	438.079	233.222
Ógreiddur tekjuskattur	0	14.595
Skattskuld samtals	438.079	247.817

Félagið mun ekki greiða tekjuskatt á árinu 2007 vegna rekstrarársins 2006, en ógreiddur tekjuskattur í árslok 2005 er vegna ársins 2004.

39. Tekjuskattsskuldbinding félagsins greinist þannig í árslok:		
Tekjuskattsskuldbinding í ársbyrjun	233.222	125.051
Reiknaður tekjuskattur	204.857	108.171
Tekjuskattsskuldbinding í árslok	438.079	233.222
Tekjuskattsskuldbinding félagsins skiptist þannig á einstaka liði efnahagsreiknings:		
Útlán og kröfur	419.984	215.992
Rekstrarfjármunir	18.095	17.230
Tekjuskattsskuldbinding í árslok	438.079	233.222

Skýringar, frh.:

Eigið fé

40. Hlutfé félagsins nam 398 millj. kr. í árslok 2006 og 2005 samkvæmt samþykktum þess. Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hlut í félaginu og gefa hlutabréfin rétt til arðgreiðslu. Engar breytingar voru gerðar á hlutfé félagsins á árunum 2006 og 2005.
41. Innborgun hlutafjár sem er umfram nafnverð er fært á yfirverðsreikning hlutafjár. Á lögbundinn varasjóð hefur verið færður hluti af hagnaði fyrri ára í samræmi við ákvæði laga um ársreikninga. Hluti yfirverðsreiknings hlutafjár og lögbundins varasjóðs sem er umfram 25% af nafnverði hlutafjár er frjáls til ráðstöfunar.
42. Eigið fé í árslok nemur 3.268 millj. kr. eða 8,5% af niðurstöðutölu efnahagsreiknings. Eiginfjárlutfall félagsins sem reiknað er samkvæmt ákvæðum 84. gr. laga um fjármálafyrirtæki er 11,9%, en samkvæmt lögnum má hlutfallið ekki vera lægra en 8,0%. Hlutfallið reiknast þannig:

	Bókfærð staða	Vegin staða 2006	Vegin staða 2005
Áhættugrunnur:			
Bókfærðar eignir	38.517.218	37.652.502	22.167.318
Áhættugrunnur vegna gjaldeyrisáhættu	209.927	120.027	123.471
Áhættugrunnur samtals		<u>37.772.529</u>	<u>22.290.789</u>
Eigið fé:			
Eiginfjárbáttur A:			
Bókfært eigið fé		3.268.187	2.465.445
Eiginfjárbáttur B:			
Víkjandi lán		1.226.828	1.010.587
Eigið fé samtals		<u>4.495.015</u>	<u>3.476.032</u>
Eiginfjárlutfall		11,9%	15,6%

Áhættustýring

43. *Útlána-, vaxta- og gjaldmiðlaáhætta*

Áhætta vegna útlána, vaxta og gjaldmiðla tengist reglubundinni starfsemi félagsins. Afleiðusamningar eru notaðir til að takmarka gengisáhættu.

Stjórnendur hafa markað útlánastefnu og fylgjast reglulega með útlánaáhættu. Áhættumat er unnið reglulega og tryggingar metnar. Heildarútlánaáhætta jafngildir bókfærðu verði útlána og krafna í efnahagsreikningi.

Reglulegt eftirlit er með vaxtaáhættu félagsins og taka kjör á útlánnum meðal annars mið af kostnaði við lántöku.

Gjaldmiðlaáhætta félagsins verður til vegna útlána og lántöku í gjaldmiðlum öðrum en í íslenskum krónum. Eignir og skuldir háðar gengisáhættu greinast þannig:

Skýringar, frh.:

43. Útlána-, vaxta- og gjaldmiðlaáhætta, frh.:

Árið 2006	EUR	USD	CHF	Aðrir gjaldmiðlar	Samtals
Útlán og kröfur	10.610.959	5.747.781	7.529.569	6.186.534	30.074.843
Gengistryggðar eignir	10.610.959	5.747.781	7.529.569	6.186.534	30.074.843
Lántaka	9.788.664	5.335.321	6.856.933	5.353.536	27.334.454
Áhættuvarnarsamningar	804.185	409.431	588.700	709.867	2.512.183
Gengistryggðar skuldir	10.592.849	5.744.752	7.445.633	6.063.403	29.846.637
Hrein gjaldeyrisstaða	18.110	3.029	83.936	123.131	228.206
Árið 2005					
Útlán og kröfur	5.977.917	4.268.154	3.408.895	2.869.913	16.524.879
Áhættuvarnarsamningar	0	0	0	118.172	118.172
Gengistryggðar eignir	5.977.917	4.268.154	3.408.895	2.988.085	16.643.051
Lántaka	5.485.939	3.832.312	2.986.168	2.577.891	14.882.310
Áhættuvarnarsamningar	533.328	374.010	406.219	311.404	1.624.961
Gengistryggðar skuldir	6.019.267	4.206.322	3.392.387	2.889.295	16.507.271
Hrein gjaldeyrisstaða	(41.350)	61.832	16.508	98.790	135.780

Félagið hefur í árslok 2006 gert áhættuvarnarsamninga um gjaldeyrisviðskipti að nafnvirðisfjárhæð 2.512 millj. kr. (2005: 1.507 millj. kr.) til að viðhalda gjaldeyrisjafnvægi. Hreint gangvirði samninganna var í árslok 2006 neikvætt um 4 millj. kr. (2005: neikvætt um 7 millj. kr.). Hreint gangvirði er fært meðal annarra skulda í efnahagsreikningi.

44. Lausafjánhætta

Lausafjánhætta er sú áhætta sem felst í því tapi sem félagið gæti orðið fyrir vegna þess að það getur ekki staðið við skuldbindingar sínar á réttum tíma. Félagið fylgist með lausafjárstöðu sinni með greiningu á gjalddaga fjáreigna og skulda til að geta endurgreitt allar skuldir á gjalddaga. Félagið viðhefur vinnubrögð sem tryggja að til staðar sé nægjanlegt laust fé til að geta mætt fyrirsjáanlegum og ófyrirséðum greiðsluskuldbindingum. Félagið hefur í því skyni meðal annars tryggt sér aðgang að lánalnum. Samkvæmt reglum Seðlabankans um lausafjánhutfall nr. 317 frá 25. apríl 2006 ber félaginu að skila skýrslum um laust fé í hverjum mánuði. Með þessum skýrslugerðum er mjög virkt eftirlit með lausafjánhutfalli.

Eftirfarandi er sundurliðun á fjáreignum og fjárskuldum samstæðunnar með tilliti til gjalddaga í milljónum

	Allt að 3 mánuðir	3-12 mánuðir	1-5 ár	Yfir 5 ár	Samtals
Útlán og kröfur	3.155	8.306	22.879	2.778	37.118
Áhættuvarnarsamningar	2.535	0	0	0	2.535
Handbært fé	375	0	0	0	375
Samtals 31.12.2006	6.065	8.306	22.879	2.778	40.028
Samtals 31.12.2005	3.684	5.355	12.435	2.085	23.559

Skýringar, frh.:

	Allt að 3 mánuðir	3-12 mánuðir	1-5 ár	Yfir 5 ár	Samtals
Lántaka	1.908	3.923	27.626	0	33.457
Víkjandi lán	0	0	0	1.227	1.227
Áhættuvarnarsamningar	2.539	0	0	0	2.539
Aðrar skuldir	5	0	0	0	5
Samtals 31.12.2006	4.452	3.923	27.626	1.227	37.228
Samtals 31.12.2005	2.445	4.253	13.403	1.011	21.112
Eignir-skuldir 31.12.2006	1.613	4.383	(4.747)	1.551	2.800
Eignir-skuldir 31.12.2005	1.239	1.102	(968)	1.074	2.447

Hreint gangvirði áhættuvarnarsamninga er fært á meðal annarra skulda í efnahagsreikningi.

45. Eignir og skuldir háðar verðtryggingu

Heildarfjárhæð verðtryggðra eigna nam 6.524 millj. kr. í árslok og heildarfjárhæð slíkra skulda nam á sama tíma 6.706 millj. kr.

46. Gangvirði

Gangvirði útlána, krafna, lántöku og víkjandi lána er talið vera sem næst bókfærðu verði, þar sem vaxtakjör þeirra eru almennt breytileg í samræmi við vaxtakjör á markaði á hverjum tíma. Það er mat félagsins að óinnleystur hagnaður eða tap vegna mismunar á gangvirði eigna og skulda og bókfærðu verði sé óverulegur.

Tengdir aðilar

47. Móðurfélag (Landsbanki Íslands hf. - 51% eignarhlutur), dótturfélag (Hafnarbraut ehf. - 100% eignarhlutur), hlutdeildarfélag (Eignarhaldsfélagið ehf. - 49% eignarhlutur), stjórnarmenn, stjórnendur og hluthafar teljast vera tengdir aðilar samstæðunnar. Félög í eigu stjórnarmanna, stjórnenda og hluthafa teljast einnig til tengdra aðila.

Viðskiptastöður í árslok við móðurfélagið eru sérgreindar í framangreindum skýringum. Í rekstrarreikningi nema vaxtatekjur frá móðurfélagi 16 millj. kr. og gjaldfærð vaxtagjöld vegna móðurfélags 1.391 millj. kr. (2005: 287 millj. kr.). Gjaldfærð þjónustugjöld vegna móðurfélags nema 13 millj. kr. (2005: 6 millj. kr.).

Viðskipti við aðra tengda aðila greinast þannig:	2006	2005
Útlán	787.456	145.105
Vaxtatekjur	8.591	7.038

Vaxtakjör til tengdra aðila eru í samræmi við almenn vaxtakjör hjá félaginu.

Atburðir eftir lok reikningsárs

48. Ekkert hefur komið fram eftir dagsetningu ársreiknings, sem myndi krefjast lagfæringa eða breytinga á ársreikningi 31. desember 2006. Þann 26. janúar 2007 yfirfór og samþykkti stjórn félagsins ársreikninginn. Ársreikningurinn verður lagður fram á aðalfundi félagsins til samþykktar hluthafa.